

Nd.

600. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 22. okt. 1912 um ritsíma- og talsíma-kerfi Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Frumvarpið er, eins og kunnugt er, upphaflega komið frá stjórninni þess efnis, að fá það lögbindið, að áfallnir vextir og afborganir af láni því, sem stjórnin tekur til simalagninganna, samkv. heimild í ofanefndum lögum, skuli greiddast af tekjuafganginum af rekstri talsíma og ritsíma landsins, áður en honum hefir verið varið til annars. Hefir efri deild fallist á þetta óskorað, og má skirskota til álits nefndarinnar þar um þetta efni (sjá þingskj. 253). Meiri hluti vor nefndarmanna hefir nú fallist á þetta, eða 4 af 5, og það af sömu ástæðum sem efri deildar nefndin til færir. Minni hlutinn, Skúli Thoroddsen, gerir sjerstakan ágreining í þessu efni.

Fyrstu grein frumvarpsins er öll nefndin sammála um að fella burt, sökum þess, að slík færsla á símalinum milli flokka myndi gera rugling á síma-kerfinu eftir því skipulagi, sem því er fengið með lögnum frá 22. okt. 1912, og flyti þar af, að ýmsum fleiri línunum yrði þrengt inn í fyrsta flokk og hjeruðin heimtuðu tillög sín til símanna endurgreidd.

Fjórðu grein er nefndin einnig sammála um að fella skuli burt. Samkv. þeirri grein getur svo farið, að símaþjónusta á sumum simastöðvum verði borguð öllu hærra af landssjóði, en nú er úr sveitarsjóði. Kostnaðarauki, sem af þessu flyti fyrir landssjóð, nemur nú þegar, samkv. skýrslu frá landssimastjóra, alt að 4550 kr., og fer hann hækkandi mjög við nýjar símalínur. Við þetta skerðist að allmiklum mun afgangur sá af símatekjunum, sem ganga á til lagningar þriðja flokks símum, og það álitur nefndin óheppilegt.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að frumvarpið sje samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. gr. falli burt.
4. gr. sömuleiðis, og greinatalan breytist samkv. þessu.

Alþingi, 27. ágúst 1913.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Jón Jónsson.

Pjetur Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Þorleifur Jónsson.